

Flataskóli júní 2021

LOKASKÝRSLA Í KJÖLFAR YTRA MATS

ÁGÚST JAKOBSSON / EDDA KJARTANSDÓTTIR

Inngangur

Í janúar 2018 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunar úttekt á starfsemi Flataskóla. Þeir þættir sem voru skoðaðir voru stjórnun, nám og kennsla og innra mat. Niðurstöður úttektarinnar eru settar fram í skýrslu sem var birt í apríl 2018 en kynntar starfsfólki í mars. Skólaráði voru kynntar niðurstöður í apríl. Þar eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta.

Lokaskýrslan er sett aftan við umbótaáætlun þá sem unnin hefur verið árlega síðan 2018. Stjórnendaskipti hafa orðið í Flataskóla síðan síðustu umbótaáætlun var skilað og ekki var hróflað við því sem áður hafði komið fram að væri lokið nú þegar. Margir þættir eru í endurskoðun hjá nýjum stjórnendum sem hafa notað sinn fyrsta vetur í starfi til að setja sig inn í það sem áður hefur verið gert og gera sér grein fyrir hvaða úrbætur þeir munu fara í.

Flataskóli þakkar gott samstarf við þá sem stóðu að og framkvæmdu úttektina. Úttektin er afar gagnleg fyrir skólastarfið og gerir okkur kleift að gera gott skólastarf enn betra.

Svið 1 -Stjórnun

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið?	Mat – hvernig/hvenær?	Ábyrgð	Staða í júní 2021
Fagleg forysta						
Stjórnandinn sem leiðtogi	Hafa einkunnarorð/gildi skólans meira áberandi í skólanum.	Að setja einkunnarorð skólans upp í hverri kennslustofu og á ganga.	Lifandi verkefni sem þarf stöðuga athygli.	Sýnileiki á veggjum skólans. Metið reglulega af stjórnendum.	Skólastjórnendur og kennarar.	Einkunnarorð skólans eru nú komin upp víða um skólann og einnig að utan við aðalinngang.
	Að kynna gildi/einkunnarorð betur fyrir nemendum og foreldrum.	Leggja áherslu á og setja einkunnarorðin neðst í alla pósta frá skólanum og á bréfsefni skólans. Hanna veggspjald með einkunnarorðunum sem nota má í kynningarskyni auk þess sem áhersla er lögð á það bæði við skólasetningu og í efni sem kemur frá skólanum.	Lifandi verkefni sem þarf stöðuga athygli.	Stöðug vinna. Minnt á viðfangsefnið í handbók starfsmanna og kynntar leiðir til að kynna.	Skólastjórnendur og kennarar.	Unnið var markvisst með einkunnarorð á haustönn. Einkunnarorðin hafa verið sett í undirskrift neðst í alla pósta.
Stjórnun stofnunar	Gæta þarf þess að allir starfsmenn/verktakar sem koma til vinnu í skólanum undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu.	Komið er á verklag þar sem allir starfsmenn undirrita slíkt skjal. Hanna skjal og koma upp fyrirkomulagi vegna verktaka og annarra gesta sem koma í skólann.	Haust 2018.	Stöðumat við lok skólaárs 2018-2019.	Skólastjórnendur og ritari. Skólaskrifstofa Garðabæjar.	Hefur verið innleitt

Faglegt samstarf	Gera formlega fundaáætlun fyrir skólaárið/önnina sem nær til alls starfsfólks og fjölga almennum starfsmannafundum.	Útbúa og birta fundaáætlun strax í upphafi vetrar og við annarskil. Almennir starfsmannafundir verði að minnsta kosti fjórir yfir veturinn.	Skólaár 2018-2019.	Birt í handbók starfsmanna.	Aðstoðarskólastjóri.	Hefur verið gert.
Skólaþróun	Gera þróunar og/eða umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans, sveitarfélagsins svo og innra og/eða ytra mati og birta á heimasíðu skólans.	Verið er að vinna slíka áætlun nú á vordögum 2018.	Skólaár 2018 - 2019.	Birt í handbók starfsmanna. Birt á heimasíðu skólans.	Skólastjóri.	Hefur verið gert.

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið?	Mat – hvernig/hvenær?	Ábyrgð	Staða í júní 2021
Stefnumótun og skipulag						
Starfsáætlun og skólanámskrá	Tryggja aðkomu kennara, starfsfólks, nemenda og annarra hagsmunaaðila skólans að endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar eftir því sem við verður komið.	Starfsmenn tóku þátt í heildarendurskoðun skólanámskrár í janúar 2018 og hún einnig kynnt skólaráði. Starfsáætlun kynnt árlega að hausti fyrir starfsmönnum og skólaráði. Búa til rýnihópa foreldra og nemenda til að yfirfara skólanámskrá.	Alltaf í stöðugri endurskoðun. Rýnihópavinna tekin upp við heildarendurskoðun skólanámskrá 2020.	Birt og kynnt í sjálfsmatsáætlun.	Skólastjórnendur.	Með tilkomu nýrra stjórnenda við skólann er skólanámskrá enn í vinnslu. Var uppfærð haust 2020 og vinna við hana heldur áfram.
	Birta áætlanir/námsvísa á heimasíðu skólans þannig að þeir séu öllum aðgengilegir.	Að setja upp gott og skiljanlegt form og flytja áætlanir yfir á heimasíðu. Nú eru áætlanir aðgengilegar á Mentor.	Vinna hafin og stefnt að því að allar áætlanir verði komnar á netið vorið 2019.	Birt á vefsíðu skólans.	Skólastjórnendur.	Námsvísar komnir á heimasíðu 2020 en eru í endurskoðun af nýjum stjórnendum.

Verklagsreglur og áætlanir	Gera þarf nemendum betur ljóst að þeir eru þátttakendur í að skapa jákvæðan skólabrag.	Að tryggja reglulega umræðu á bekkjarfundum um mikilvægi þess að viðhafa siði skólans í heiðri en með siðunum er lagður grundvöllur að góðum skólabrag. Einnig þarf að nota skólaþing og morgunsamveru til að minna á þessa þætti.	Ávallt í gangi.	Metið með samtölum, skólaþingi og innliti stjórnenda í kennslustundir.	Kennarar og stjórnendur.	Stöðugt unnið með
	Birta skólareglur og viðurlög við þeim í samræmi við reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.	Að hengja skólareglur (siði skólans) upp í öllum kennslustofum og hafa þær vel aðgengilegar á heimasíðu skólans.	Haust 2018.	Skoðað af stjórnendum.	Kennarar og stjórnendur.	Siði skólans og almenn viðurlög er að finna á heimasíðu skólans og sem hluti af skólanámskrá.
	Þegar farið er yfir skólareglur á hverju ári er tækifæri til að útskýra fyrir nemendum að þeir eru þátttakendur í að móta skólareglur og viðurlög við þeim.	Allir kennarar kynna siði skólans fyrir nemendum og nemendur útbúa svokallaða bekkjarsáttmála þar sem þau taka þátt í að móta bæði reglur og viðurlög.	Lokið – en gert árlega.	Skoðað af stjórnendum. Bekkjarsáttmálar hanga á veggjum við kennslustofur.	Kennarar og stjórnendur.	Gert með öllum nemendum frá hausti 2018

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið?	Mat – hvernig/hvenær?	Ábyrgð	Staða í júní 2021
Samskipti heimila og skóla						
Skólaráð, foreldrafélag	Gera fulltrúum nemenda í skólaráði ljóst hvernig þeir eru valdir í ráðið og kjósa þá til tveggja ára í senn.	Skólastjórnendur kynna skólaráð í morgunsamveru og hvetja áhugasama um að gefa kost á sér.	Haust 2018.	Á ekki við.	Skólastjórnendur.	Hefur verið gert.
Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðun	Kortleggja mætingu nemenda í fyrstu kennslustund hvern dag. Ef uppi er vandi í mætingu nemenda þarf að ráð bót á þessu.	Sá kennari sem tekur á mótí nemendum í fyrstu stund á að skrá mætingu. Vinna að samræmdri mætingarstefnu grunnskólanna í Garðabæ og verklagi til að bregðast við alvarlegum mætingarvanda.	Lokið að hluta. Skólaárið 2018-2019.	Birt í Mentor.	Allir kennarar og ritari skólans. Skóladeild Garðabæjar.	Skólaárið 2020-2021 hefur verið unnið samkvæmt ferli Garðabæjar um ófullnægjandi skólasókn. Kennarar taka mætingu saman a.m.k. mánaðarlega.

Svið II – Nám og kennsla

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur	Birta áætlanir á heimasíðu skólans .(námsvísa/árgangan ámskrár).	Að setja upp gott og skiljanlegt form og flytja áætlanir yfir á heimasíðu. Nú eru áætlanir aðgengilegar á Mentor.	Skólaárið 2018-2019.	Birt á vefsíðu skólans.	Kennarar og deildarstjórar stiga.	Áætlanir birtar en eru í endurskoðun.
	Kynna áætlanir enn betur fyrir nemendum og foreldrum svo þeir nýti sér þær til gagns.	Kynna betur á fundum með foreldrum og í kennslustundum áætlanirnar. Enn fremur að kennarar skrifi upp eða láti nemendur fá áætlanir hvers tíma.	Skólaárið 2018-2019.	Birt á vefsíðu skólans.	Kennarar og deildarstjórar stiga.	Hefur verið gert
Skipulag náms og námsumhverfi	Gera grein fyrir hæfniviðmiðum og grunnþáttum menntunar í áætlunum árganga og kennsluáætlunum.	Vinna er hafin við að setja inn í áætlanir. Einnig er stefnt að því að taka í notkun nýja einingu í Mentor varðandi hæfniviðmiðin. Kennarar og stjórnendur munu vinna þessa vinnu.	Skólaári 2018-2019 og 2019-2020.	Birt á vefsíðu skólans.	Kennarar og deildarstjórar stiga.	Hafin er vinna með hæfnimiðað nám og unnar tilraunir með námsætlanagerð í nokkrum námsgreinum eftir að nýir stjórnendur tóku við. Haldið áfram að þróa næstu skólaár.

	Huga að því að hafa regluleg nemendasamtöl milli umsjónarkennara og nemanda þar sem rætt er um nám og líðan.	Kennarar setji upp skipulag þar sem tryggt er að nemendur fái að minnsta kosti tvö slík viðtöl á hverri önn.	Sett í starfsáætlun haust 2018.	Spurningalisti til kennara við lok skólaárs 2019.	Deildarstjórar og kennarar.	Sett á oddinn 2020-2021 og kennurum sett fyrir að eiga nemendasamtöl a.m.k. 2x á önn.
	Auka vægi þess að nemendur á öllum aldri hafi val um viðfangsefni og námsaðferðir hluta námstímans.	Boðið verður upp á skipulagt val tvo tíma á viku á öllum stigum. Þar verður svokallað fjölval ásamt áhugasviðsverkefnum.	Verður sett inn í stundatöflur nemenda haust 2018.	Birt í stundatöflum og í námskrá.	Kennarar og stjórnendur.	Helst virkt í fjölvali sem eru tveir tímar einu sinni í viku og svo hafa einstaka kennarar prófað sig áfram með nemendastýrð verkefni skólaárið 2020-2021
Kennsluhættir og gæði kennslu	Huga að fjölbreyttari kennsluháttum m.a. með notkun upplýsingatækni og koma þannig til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda.	Kennarar vinna að því að taka upp fjölbreyttari kennsluhætti. Því til stuðnings er skólinn með þróunarverkefni næsta skólaár um eflandi kennsluhætti. Um er að ræða námskeið og vinnustofur sem ná yfir allt skólaárið – alls 8 skipti ásamt handleiðslu sérfræðinga. Einnig er skólinn þátttakandi í þróunarverkefni varðandi leiðsagnarmat og leiðbeinandi kennsluhætti. Það mun einnig standa yfir næsta skólaár.	Skipulag námskeiða verður kynnt núna fyrir skólalok.	Kennarar svari spurningalista í lok næsta skólaárs um hvernig þeir hafa eftir þennan þátt. Stjórnendur fara einnig í innlit í kennslustundir til kennara og skoða þennan þátt ásamt fleirum.	Kennarar og stjórnendur.	Skólaárið 2020-2021 var kennsluráðgjafi með árgangateymum í þrjár vikur tvisvar á vetri til að styðja við fjölbreytta kennsluhætti og upplýsingatækni. Það fyrirkomulag gafst vel og mun halda áfram.

	Gefa umræðum, skoðanaskiptum og gagnrýnni hugsun meira vægi í kennslustundum.	Sama áætlun og hér að ofan.	Skipulag námskeiða verður kynnt núna fyrir skólalok.	Metið af stjórnendum með innlitsheimsóknum.	Kennarar og stjórnendur.	þarf að efla enn frekar þrátt fyrir fræðslu sem kennarar hafa fengið.
	Auka markvisst samvinnu og samstarf nemenda.	Kennarar skipuleggi fleiri hópaverkefni og gefa sér meiri tíma í umræður.	Skólaárið 2018-19	Metið með spurningalista til kennara og innliti stjórnenda.	Kennarar og stjórnendur.	Ekki unnið meira með þetta skólaárið 2020-2021
Námshættir og námsvitund	Huga að því að auka val nemenda varðandi námsaðferðir eftir viðfangsefni.	Kennarar bjóði upp á meira val t.d. með því að hafa í boði fyrir nemendur misþung verkefni. Einnig að boðið sé upp á fleiri verkefni þar sem nemendur hafa val um framsetningu og vinnulag. Lestrarbækur yngri barna verða settar fram þannig að þau sjálf hafi val um í hvaða röð þau lesa þær.	Skólaárið 2018 - 2019	Metið með spurningalista til kennara og innliti stjórnenda.	Kennarar og stjórnendur.	Ekki var unnið með þetta skólaárið 2020-2021 en er mikilvægur punktur. Verður unnið með í nýjum viðmiðum um kennsluhætti sem eru í vinnslu.
	Auka vægi notkunar upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni.	Kennarar taka tillit til þessara athugasemda í kennsluáætlunum og skipulagi. Kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingartækni setur upp námskeið til að efla þennan þátt.	Skólaárið 2018 - 2019	Metið með spurningalista til kennara og innliti stjórnenda.	Kennsluráðgjafi og kennarar.	Sjá fyrirkomulag á störfum kennsluráðgjafa sem lýst er hér að ofan.

	Vinna að því að nám nemenda taki meira mið af áhugasviði þeirra.	Boðið upp á fjölval í öllum árgöngum þar sem ólík verkefni eru í boði.	Sett á stundaskrá 2018-2019.	Birt í stundaskrá.	Kennarar og stjórnendur.	Fjölval og kennarar í einstaka árgöngum vinna með áhugasviðsverkefni. Þurfum að bæta okkur.
--	--	--	------------------------------	--------------------	--------------------------	---

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið?	Mat – hvernig/hvenær?	Ábyrgð	Staða í júní 2021
Þátttaka og ábyrgð nemenda						
Lýðræðisleg vinnubrögð	Gæta þess að fulltrúar nemenda í skólaráð séu kosnir með lýðræðislegum hætti og til tveggja ára í senn.	Skólaráð kynnt í morgunsamveru og nemendum boðið að gefa kost á sér til setu í skólaráði. Kosningar að því loknu.	Við upphaf skólaárs 2018-19.	Sýnileiki og kynning á heimasíðu.	Skólastjórnendur.	Hefur ekki verið framkvæmt.
Ábyrgð og þátttaka	Gera nemendum ljós markmið kennslustunda og námseininga í heild sinni.	Kennarar birti markmið kennslustunda með því að setja þau upp á töflu eða með því að setja inn í bækur. Einnig með því að birta sérstök markmiðablöð í einstökum verkefnum.	Skólaárið 2018 - 2019 og 2019-2020.	Með spurningalistum og innliti stjórnenda.	Kennarar og stjórnendur.	Verður unnið marvisst með námsmenningu leiðsagnarnáms skólaárið 2021-2022 og skerpt á mikilvægi þessa.

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið?	Mat – hvernig/hvenær?	Ábyrgð	Staða í júní 2021
Námsaðlögun						
Nám við hæfi allra nemenda	Huga að því að áhugi og hæfileikar nemenda endurspeglast að einhverju marki í viðfangsefnum þeirra.	Boðið upp á fjölval 2 tíma á viku. Kennarar efli fjölbreytta kennsluhætti. Boðið upp á námskeið um eflandi kennsluhætti og leiðsagnarmat.	Skólaárið 2018 – 2019.	Sett fram í stundaskrá. Metið með spurningalistum og innliti stjórnenda.	Kennarar og stjórnendur.	Þarf að halda áfram að vinna með.
	Þegar við á, hafa nemendur með í ráðum (eins og foreldra) þegar gerð eru námsmarkmið í einstaklingsnámskrám.	Metið sé í hvert skipti hvernig tryggja megi nemendum þátttöku í að setja sér markmið þegar um er að ræða einstaklingsnámskrá. Það er gert með einstaklingsviðtölum umsjónarkennara og sérkennara/þroskaþjálfara ef það á við.	Við gerð einstaklingsáætlana haustið 2018.	Metið með spurningalistum.	Deildarstjóri stuðnings, kennarar og stjórnendur skólans.	Þurfum að gera enn markvissar.
Stuðningur við nám	Huga enn betur að því að koma til móts við bráðgera nemendur.	Kennarar efli þennan þátt með ögrandi verkefnum fyrir alla nemendur. Fjölval sem boðið verður upp á mætir þessu að einhverju leyti.	Skólaárið 2018 - 2019.	Metið með spurningalistum og innliti stjórnenda.	Kennarar og skólastjórnendur.	Þarfnast endurskoðunar.

	Sjá til þess að sérkennsla og stuðningur fari að mestu fram í námsaðstæðum samnemenda, innan bekkjar eða námshóps.	Umsjónarkennarar og sérkennarar funda reglulega um þá nemendur sem þurfa stuðning og skipuleggja námið með þeim hætti að stuðningur verði að mestu í námsaðstæðum bekkja eða námshóps.	Skólaárið 2018-2019 og 2019 - 2020.	Metið með spurningalistum og innliti.	Deildarstjóri stuðnings, kennarar og skólastjórnendur.	Er í þróun.
--	--	--	-------------------------------------	---------------------------------------	--	-------------

Svið III – Innra mat

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið?	Mat – hvernig/hvenær?	Ábyrgð	Staða í júní 2021
Framkvæmd innra mats						
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi, er markmiðsbundið, byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum og er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	Vinna að langtímaáætlunum í innra mati (3-5 ára) þar sem kemur fram að helstu þættir skólanámskrár eru metnir reglulega.	Stjórnendur vinna að slíkri áætlun.	Haust 2018 .	Kemur fram í áætluninni sem verður birt á heimasíðu skólans.	Skólastjórnendur.	Stjórnendur fengu fræðslu um innramats tólið Bravo lesson í maí 2021 og hafa hafið vinnu við nýja innramats áætlun til næstu þriggja ára.
	Gera áætlun um innra mat árlega þar sem fram koma verkefni, tímaáætlun, þátttakendur og ábyrgðaraðilar verkefna.	Stjórnendur vinna að slíkri áætlun ásamt matsteymi skólans.	Vor 2018.	Kemur fram í sjálfsmatsáætlun skólans sem verður birt á heimasíðu skólans.	Skólastjórnendur.	Ný áætlun er í vinnslu
	Greina frá hverjir bera ábyrgð á innra mati skólans.	Kynna í sjálfsmatsáætlun skólans hverjir bera ábyrgð á innra mati.	Haust 2018.	Kemur fram í sjálfsmatsáætlun skólans sem verður birt á heimasíðu skólans.	Skólastjórnendur.	Ekki lokið
	Gera grein fyrir hvernig markmið skólans sem sett eru fram í skólanámskrá, m.a. sérstaða hans, eru metin.	Lýsingu á þessu verður sett fram í sjálfsmatsáætlun og með hvaða hætti markmiðin verða metin.	Haust 2018.	Birt í sjálfsmatsáætlun.	Skólastjórnendur.	Fer í matsáætlun sem hafin er vinna við.

	Hafa matsteymi starfandi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga sinn fulltrúa: starfsmenn, foreldrar og nemendur, þar sem teknar eru ákvarðanir varðandi forgangsröðun og framkvæmd á innra mati.	Búa til matsteymi með þessum aðilum. Gert í samráði við skólaráð skólans.	Haust 2018.	Birt í sjálfsmatsáætlun.	Skólastjórnendur.	Starf matsteymis raskaðist mikið í covid en stefnt að því að taka upp þráðinn að nýju haustið 2021 í samræmi við nýja matsáætlun.
--	--	---	-------------	--------------------------	-------------------	---

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið?	Mat – hvernig/hvenær?	Ábyrgð	Staða í júní 2021
Umbótastarf í kjölfar innra mats						
Innra mat er opinbert og er umbótamiðað	Kynna niðurstöður úr innra mati formlega fyrir öllum hlutaðeigandi þegar þær liggja fyrir.	Niðurstöður úr könnunum birtar um leið og þær berast ýmist á fundum eða með rafrænum hætti. Matið birt í skýrslu um innra mat sem sett er fram við lok skólaárs í maí.	Vor 2019.	Sjálfsmatsskýrsla sem birt er við skólalok ár hvert.	Skólastjórnendur.	Er gert.
	Vinna umbótaáætlun í samræmi við það sem fram kemur í árlegri greinargerð.	Umbótaáætlun unnin um leið og sjálfsmatsskýrsla er birt.	Vor 2019	Birt um leið og sjálfsmatsskýrsla.	Skólastjórnendur.	Er gert.

	Tilgreina í umbótaáætlun aðgerðir, tímasetningar, ábyrgðaraðila fyrir umbótum og hvenær meta á árangur aðgerða.	Sett fram í umbótaáætlun sem birt er um leið og sjálfsmatsskýrsla er birt.	Vor 2019.	Birt í umbótaáætlun. Birt á heimasíðu.	Skólastjórnendur.	Er gert.
--	---	--	-----------	--	-------------------	----------